

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum; málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 7. jan. 1918.

Nr. 83/1917.

Eggert Claessen f. h. Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur  
gegn

skiftaráðandanum í Árnessýslu f. h. dánarbús Ólafs Árnasonar svo og erfingjum og nokkrum skuldheimtumönnum búsins.

Dómur:

Áfrýjandinn Eggert Claessen yfirdómsmálaflutningsmaður hefir fyrir hönd Minningarsjóðs hjónanna Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur skotið til yfirdómsins, með stefnu dags. 8. okt. f. á. 3 úrskurðum uppkveðnum í dánarbúi Ólafs Árnasonar af skiftarétti Árnessýslu 24. febr., 3. marz og 5. marz f. á. og hljóða úrskurðirnir þannig í réttri röð:

1. Kröfur þær, sem lýst hefir verið í búið og taldar eru á réttarskjali nr. 18, skulu teknar til greina með þeim takmörkunum, sem athugasemdir á skuldaskránni fela í sér.

2. Framkomnum kauptilboðum, öðru frá kaupfélaglaginu Ingólfi um kaup á hlutabréfaeign búsinis í því kaupfélagi, og hinu frá Þorleifi Guðmunds-syni um kaup á eignarhluta búsinis í útgerðarfélaginu »Kári« í Þorlákshöfn, skal búið báðum taka.
3. Frú Margrét Árnason á rétt á fyrst um sinn 175 kr. greiðslu mánaðarlega af fjármunum búsinis til framfærslu og uppeldis börnum hennar og Ólafs heitins Árnasonar. Aðrar og frekari kröfur hennar um greiðslur úr búinu, hvort heldur er hærri mánaðargreiðsla eða dýrtíðaruppbót verða ekki teknar til greina.

Krefst áfrýjandi þess, að skiftaréttarúrskurðir þessir verði staðfestir, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Að eins einn hinna stefndu, er öllum hefir verið löglega stefnt, frú Margrét Árnason, mætti í yfirdóm-inum fyrsta fyrirtektardag málsins, og mætti hún fyrir hönd meðráðamanns dóttur sinnar Svanlaugar Árnason og fyrir hönd hennar sjálfrar, lagði fram gagnáfrýjunarstefnu í málinu og bað um skjöl málsins léð og hálfsmánarfrest og fékk hún það. Að þessum fresti liðnum bað hún um framhaldsfrest til næsta réttardags og var henni veittur sá frestur gegn mót-mælum áfrýjanda. En er málið var tekið fyrir að liðnum þessum fresti hinn 17. f. m., mætti frú Margrét Árnason ekki og enginn fyrir hennar hönd, og var málið þá tekið til dóms eftir kröfu áfrýjanda, sem kom í réttinn.

Þar sem frú Margrét Árnason eigi hefir framfylgt

gagnáfrýjunarstefnunni í málinu, er hún ónýtt, og verður að vísa henni frá dómi, og með því að engin andmæli hafa komið fram gegn kröfum áfrýjanda, verður að taka þær til greina, og staðfesta framan- greinda skiftaréttarúrskurði; eftir þessum úrslitum verður og að taka til greina kröfur áfrýjanda um að frú Margrét Árnason verði dæmd til að greiða hon- um málskostnað, og ákveðst málskostnaðurinn 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjunarstefnunni frávisast. Framan- greindir skiftaréttarúrskurðir staðfestast. Stefnda frú Margrét Árnason greiði áfrýjanda yfirdóms- málaflutningsmanni Eggert Claessen 30 kr. í máls- kostnað áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 14. janúar 1918.

Nr. 67/1917.

Ólafur Jóhannesson  
gegn

C. Finsen f. h. Samábyrgð-  
ar Íslands á fiskiskipum.

Dómur:

Hinn 27. apríl 1915 kl. um 3½ árdegis sigldi